

Garðabær
bt. bæjarstjórnar.
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Efni: Óskað eftir afstöðu Garðabæjar vegna fyrirhugaðar sölu á ríkislóð, Gesthúsavör 6.

Lóðarleigutaki að Gesthúsavör 6, L123317, Einar Bjarni Einarsson, hefur óskað eftir því við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE), að kaupa lóðina af Ríkissjóði Íslands. Um er að ræða einbýlishúsalóð með bílskúr. Óskað er eftir afstöðu Garðabæjar vegna fyrirhugaðar sölu lóðarinnar til leigutaka sbr. verklagsreglur fjármála- og efnahagsráðuneytisins við beitingu á heimild í 6. gr. fjárlaga um sölu sumarhúsalóða, íbúðarlóða og spildna í eigu ríkisins.

Leigutaki uppfyllir þau skilyrði sem koma fram í fyrrgreindum verklagsreglum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem segir að þegar um er að ræða lóðir sem eru undir 20 hekturum að stærð og hafa verið í leigu hjá viðkomandi aðila eða tengdum aðilum til langs tíma, 15 ára eða lengur er heimilt að selja ríkislóð. FSRE telur ólíklegt að leigusamningi verði sagt upp og að lóðin falli aftur til ríkisins til almennrar ráðstöfunar. Lóðarleiguhafi hefur byggt fasteign á leigulandinu og hyggst nýta leigulandið áfram til eigin nota. Engir sérstakir almannahagsmunir liggja að baki eignarhaldi ríkisins á viðkomandi landi, s.s. vegna verndar- eða menningarsjónarmiða eða annars konar nýtingar á vegum ríkisins. Sala á viðkomandi lóð rýrir ekki verðmæti aðliggjandi lands í eigu ríkisins eða skiptir upp samfelldu eignarhaldi ríkisins á tilteknu svæði með óhagkvæmum hætti. Söluverð byggir á hlutlægu verðmæti sem löggiltur fasteignasali mun framkvæma.

Eins og áður segir þá óskar FSRE eftir afstöðu Garðabæjar til sölu á lóðinni nr. 6 við Gestavör á Álftanesi og þá hvort að Garðabær vilji frekar kaupa lóðina af Ríkissjóði Íslands í stað þess að lóðin seljist til leigutaka. Ef vilji er fyrir kaupum á fyrrgreindri lóð að þá er einnig óskað eftir afstöðu Garðabæjar um kaup á lóðum nr. 2 og 4 við Gestavör en þessar lóðir eru einnig ríkislóðir, L123315 og L123316.

Vinsamlegast sendið afstöðu sveitarstjórnar um mögulega sölu ríkislóðarinnar fyrir 15. febrúar nk. á undirritaða í netfangi: erna.hronn.geirsdottir@fsre.is og einnig ef einhverjar frekari upplýsingar vantar.

Virðingarfyllst,
f.h. Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna


Erna Hrónn Geirsdóttir, sérfræðingur

Afrit: Einar Bjarni Einarsson, Gesthúsavör 6, 225 Garðabær.